

Fimmtudaginn 19. febrúar 1998.

Nr. 259/1997.

Kristinn Sigurjónsson

(Magnús Thoroddsen hrl.)

gegn

Lögmannafélagi Íslands

(Ásgeir Magnússon hrl.,

Lára V. Júlíusdóttir hdl.)

Lögmenn. Félagsaðild. Félagsgjöld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt heimild í 4. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara sýknu að svo stöddu. Til þrautavara krefst hann þess, að skuldajafnað verði í málinu á móti kröfum stefnda með eignarhluta sínum í félagsmálaeignum stefnda, sem eigi verði taldar nauðsynlegar til þess að rækja eftirlits- og stjórnunarhlutverk stefnda á sviði opinbers réttar samkvæmt ákvæðum laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Stefndi er félag lögmanna á Íslandi. Áfrýjandi varð héraðsdómslögmaður 1962 og hæstaréttarlögmaður 1966 og hefur verið í félaginu frá 1962. Áfrýjandi skuldaði árgjald til félagsins fyrir árin 1993–1995 og er krafinn um greiðslu þeirrar skuldar.

Í máli þessu er ekki deilt um það, að starfandi lögmönnum sé skylt að hafa með sér félag. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 61/1942 kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd lögmanna gagnvart dómurum og stjórnvöldum í málum, er þá varða. Samkvæmt 8. gr. laganna ber stjórninni að hafa eftirlit með því, að félagsmenn fari að lögum og samþykktum félagsins í starfa sínum og ræki skyldur sínar af trú-

mennsku og samviskusemi. Þá hefur stjórnin úrskurðarvald um endurgjald fyrir málf lutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana, og getur veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim að greiða sekt til styrktarsjóðs félagsins fyrir framferði í starfa þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið. Stjórninni ber einnig að hafa eftirlit með þeim, sem búa sig undir að verða héraðsdómslögmennt, og dómsmálaráðuneytinu ber að leita umsagnar stjórnar, áður en það veitir leyfi til málf lutnings fyrir héraðsdómi.

Samkvæmt framansögðu á stefndi lögbundnu hlutverki að gegna, og er það tengt þeim réttindum, sem málf lutningsmönnum eru veitt. Áfrýjandi viðurkennir skylduaðild sína að stefnda, að svo miklu leyti sem félagið einskorðar starfsemi sína við það stjórnsýslu- og úrskurðarhlutverk á sviði opinbers réttar, sem því er ætlað samkvæmt lögum nr. 61/1942. Vefengir hann ekki, að skylduaðild að því sé í samræmi við 2. málslið 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 12. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995.

II.

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. samþykktanna stefnda, sem staðfestar eru af dómsmálaráðherra, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1942, skulu félagsmenn greiða árgjald til félagsins, og skal fjárhæð þess ákveðin á aðalfundi ár hvert. Í 8. gr. samþykktanna segir, að atkvæðisrétt og kjörgengi hafi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmennt, sem séu skuldausir við félagið. Samkvæmt 20. gr. samþykktanna verður þeim ekki breytt nema á lögmætum aðalfundi, enda greiði 2/3 hlutar fundarmanna atkvæði með breytingunni. Á aðalfundi stefnda 18. mars 1994, þar sem kosning átti að fara fram um nýjan formann, var áfrýjanda tjáð, að hann nyti ekki kosningaréttar, þar sem hann skuldaði árgjald 1993, og gekk hann af fundi. Af fundargerð verður ráðið, að formaður stefnda og annar frambjóðandi til formanns-embættis hafi ákveðið, eftir að áfrýjandi var genginn af fundi, að allir fundarmenn mættu kjósa, hvort sem þeir skulduðu félagsgjöld eða ekki.

Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi verið beittur valdniðslu, þegar honum var meinað að kjósa, og að ekki sé heimilt að svipta menn kosningarétti vegna skulda á félagsgjöldum, eins og kveðið sé á um í 8. gr. samþykktanna félagsins. Er þetta tilefni þess, að hann

heldur uppi vörnum í málinu og hefur neitað greiðslu árgjalda frá þessum tíma.

III.

Eins og fyrr greinir, viðurkennir áfrýjandi skylduaðild sína að stefnda, að því er varðar hina lögbundnu starfsemi félagsins, og er reiðubúinn að greiða árgjald til þess að standa undir þeirri starfsemi. Tekið er undir með héraðsdómi, að skylduaðild að stefnda, sem hér er viðurkennd, heimili ekki stjórn félagsins að krefja félagsmenn um önnur gjöld en þau, sem þarf til að sinna hinu lögboðna hlutverki þess. Samkvæmt 1. gr. samþykktu félagsins er það tilgangur þess að gæta hagsmuna félagsmanna, og er hann þannig víðtækari en því hlutverki nemur. Fram er komið í málinu, að þó nokkur hluti af fjárhagslegum umsvifum stefnda er fyrir utan hin lögbundnu verkefni félagsins, og er viðurkennt af hálfu stefnda, að hann sinni öðrum verkefnum.

Í greinargerð áfrýjanda í héraði skoraði hann á stefnda að upplýsa um öll félagsmálastörf og þátttöku félagsins í öðru en lögbundnum störfum og hve há fjárhæð hefði farið í stjórnsýsluhlutverk félagsins síðastliðin fimm ár. Framkvæmdastjóri stefnda bar fyrir dómi, að engin úttekt hefði farið fram á því, hversu mikill hluti starfsemi félagsins tengist beint hinum lögbundna þætti starfseminnar og hver hluti tengist hinum frjálsa þætti, en taldi, að mikill hluti starfsins og fjárins færi í þetta lögbundna hlutverk félagsins.

Þótt stefnda hafi verið gefinn kostur á í máli þessu að aðgreina kostnað af starfsemi félagsins eftir því, hvaða þættir hennar teljist nauðsynlegir vegna hins lögboðna hlutverks og hverjir ekki, hefur hann ekki orðið við því. Verður áfrýjandi því sýknaður af kröfum stefnda.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Kristinn Sigurjónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Lögmannafélags Íslands.

Stefndi greiði áfrýjanda 300.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. mars 1997.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., var höfðað með stefnu, birtri 7. ágúst 1996.

Stefnandi er Lögmannafélag Íslands, kt. 450269-2209, Álftamýri 9, Reykjavík.

Stefndi er Kristinn Sigurjónsson hrl., kt. 040533-2819, Reykjavíkurvegi 33, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 66.000 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 22.000 kr. frá 1. 7. 1993 til 1. 7. 1994, en af 44.000 kr. frá þ. d. til 1. 7. 1995, en af 66.000 kr. frá þ. d. til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðar-reikningi.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og til vara, að skuldajafnað verði í málinu með eignarhluta stefnda í félagsmálaeignum stefnanda.

Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar auk vaxta í samræmi við vaxtalög nr. 25/1987, og greiðist vextir á tólf mánaða fresti frá þingfestingardegi 5. september 1996.

II.

Málsatvik og lagarök.

Stefnandi er félag lögmannna á Íslandi. Skv. 1. mgr. 16. gr. samþykktu félagsins, sem staðfestar eru af dómsmálaráðherra, sbr. 7. gr. 1. nr. 61/1942, skulu félagsmenn greiða árgjald til félagsins, og skal fjárhæð þess ákveðin á aðalfundi þess ár hvert. Er eindagi árgjaldanna 1. júlí ár hvert. Fjárhæð árgjaldsins er 22.000 kr., og hefur sú fjárhæð verið staðfest árlega af aðalfundi félagsins.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að samkvæmt 7. gr. 1. nr. 61/1942 um málflytjendur skuli héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn hafa með sér félag. Stefndi, Kristinn Sigurjónsson, sé í vanskilum með greiðslur til stefnanda fyrir árin 1993, 1994 og 1995, samtals 66.000 kr., þ. e. stefnufjárhæð máls þessa. Innheimtutilraunir hjá stefnda hafi engan árangur borið, og sé því nauðsynlegt að innheimta skuldina með málsókn.

Af hálfu stefnda kemur fram, að hann hafi verið skylduaðili að stefnanda frá árinu 1962. Á aðalfundi félagsins 1994 hafi átt að fara fram kosning um nýjan formann í félaginu, og hafi hann sótt þann fund. Við úthlutun kjörseðla hafi honum verið bent á, að hann hefði ekki kosningarétt, þar sem

hann skuldaði árgjald fyrir árið 1993. Í ljós hafi komið á fundinum, að stór hluti félagsmanna hafi skuldað félagsgjöld. Því hafi verið borin upp tillaga um að leyfa þeim, sem skulduðu félagsgjöld, að njóta kosningaréttar. Sú tillaga hafi verið samþykkt. Um sé að ræða grófa lögleysu og valdníðslu gagnvart stefnda, og samþykktir félagsins hafi verið brotnar.

Stefndi lítur svo á, að þar sem um skylduaðild sé að ræða í félaginu, geti félagið ekki svipt sig kosningarétti í félaginu.

Frá því að stefndi gekk í félagið, hafi orðið mikil breyting á starfsemi þess og eignum. Stefnandi hafi snúið sér síðari ár að ýmiss konar félagsmálastarfsemi, svo sem rekstri sumarhúsa, bridsklúbb, tafklúbb, jólatrés-skemmtunum, og auk þess hafi verið keypt stóreign, sem metin sé á 50–60 milljónir að brunabótamati. Stefnandi standi fyrir ýmiss konar félagsmálastarfsemi, sem ekki sé skylduaðild að samkvæmt lögum nr. 61/1942.

Stefndi hafni ekki aðild að stefnanda í stjórnarsýslulegum tilgangi í samræmi við lög nr. 61/1942, heldur hafni hann aðeins fjárkröfum félagsins varðandi það, sem hann kallar félagsmálapakka, þar sem stefnandi reki umfangsmikla félagsmálastarfsemi án lagaheimildar og skyldu. Lög um skylduaðild geri ekki ráð fyrir þessari félagsmálastarfsemi, heldur aðeins stjórnarsýslustarfsemi.

Félagsmenn stefnanda verði nú að kaupa sér svokallaða ábyrgðartryggingu. Trygging þessi sé keypt hjá tryggingafélagi, og geti tryggingafélagið neitað að tryggja lögmenn eða fasteignasala. Með þessu sé vald yfir því, hverjir megi reka lögfræðistofur, farið frá dómsmálaráðuneyti og í hendur á tryggingafélögum. Stefnandi sé jafnframt stjórnarsýslustörfum sínum hagsmunafélag. Það eigi að gæta þess, að lögmenn fái þökkalega þóknun fyrir störf sín. Eftir því sem stefndi þekki til, telur hann, að dæmdur málskostnaður fyrir flutt mál hafi farið hríðlækkandi. Margt bendi til þess, að stjórn stefnanda sé meira og minna að eyðileggja lögmennastéttina. Almennigur geti ekki leitað réttar síns, og stjórnin hafi gleymt hlutverki sínu.

Hvergi sé í lögum heimild fyrir stefnanda til að taka félagsgjöld né málagjöld. Jafnvel þótt dómsmálaráðherra hafi skrifað upp á eitthvert plagg fyrir stefnanda, sé það ekki landslög. Í málinu hafi stefnandi lagt fram bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem samþykkir, að árgjald skuli hækkað upp í 22.000 krónur og málagjald skuli hækka úr 250 í 300, þ. e. frá 16. maí 1991. Stefndi fær ekki séð, hvaðan dóms- og kirkjumálaráðuneytið fái þær heimildir til að veita skylduaðildarfélagi stefnanda beinan aðgang með lög-sókn fyrir félagsgjöldum að lögmönnum á Íslandi. Árið 1980 hafi árgjald verið 700 krónur, en sé nú komið í 22.000 krónur. Engar lagaheimildir séu fyrir málsókn þessari.

Stefnandi hræri öllum gjöldum saman í einn sjóð, þ. e. félagsgjöldum og málagjöldum, sem síðan séu notuð til ýmiss konar félagsmálastarfsemi, sem ekki fylgi skylduaðild. Hið eina rétta væri, að starfandi væri skylduaðildarfélag, eins og lögin geri ráð fyrir, sem aðeins fengist við stjórnýslustörf, og hins vegar, ef einhverjir menn í lögmannafélaginu vildu fara að reka sumarhús, ganga í lögmannasamtök erlendis, kaupa orgel, spila fótbolta við fanga á Litla-Hrauni o. s. frv., þá borguðu þeir það af fúsum og frjálsum vilja úr eigin vasa, en ekki með málsókn á grundvelli skylduaðildar. Í samþykktum félagsins komi fram, að hver félagsmaður greiði málagjald af hverju því máli, sem hann þingfestir í héraði eða fyrir Hæstarétti. Af því fé, sem þannig innheimtist, skuli 60% renna í félagssjóð, 20% í námssjóð, en 20% í ábyrgðasjóð. Stefndi telur, að stefnandi sé að ganga langt út fyrir löglegar heimildir sínar með þessari málsókn og töku málagjalds. Samþykktir félagsins séu að þessu leyti brot á lögum frá 1942.

Skýrslur fyrir dóminum gáfu Marteinn Másson, framkvæmdastjóri stefnanda, Þorsteinn Júlíusson hrl., Þórunn Guðmundsdóttir hrl. og Jóhannes Ásgeirsson hdl.

III.

Forsendur og niðurstaða.

Stefndi er starfandi hæstaréttarlögmaður og hefur verið í félagi stefnda frá 1962.

Samþykktir stefnanda liggja fyrir í málinu. Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. þeirra og með vísan til 7. gr. laga nr. 61/1942 skulu lögmenn hafa með sér félag, er nefnist Lögmannafélag Íslands. Samþykktir félagsins skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra til staðfestingar. Skulu félagsmenn greiða árgjald til félagsins, sem aðalfundur ákveður ár hvert. Fjárhæð árgjaldsins hefur verið 22.000 kr. Í máli þessu er óumdeilt, að stefndi hefur ekki greitt árgjald fyrir árin 1993, 1994 og 1995, samtals 66.000 kr.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 61/1942 skal stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnvöldum í málum, sem stéttina varðar.

Krafa stefnda um sýknu er í fyrsta lagi á því reist, að hann hafi verið beittur valdniðslu, þegar honum var meinað að kjósa á aðalfundi félagsins árið 1994.

Í dreifibréfi stefnanda, dags. 9. mars 1994, til félagsmanna kom fram hvatning til félagsmanna um greiðslu árgjalda vegna aðalfundar félagsins og þar tiltekið, að skv. 2. mgr. 8. gr. samþykktu stefnanda hefðu einungis skuldlausir félagsmenn atkvæðisrétt og kjörgengi. Þegar athygli stefnda var

vakin á þessu ákvæði samþykktanna á umræddum aðalfundi, hvarf hann af fundinum. Fundurinn ákvað síðan að breyta samþykktunum að þessu leyti, þannig, að allir, sem á fundinum voru, gátu neytt kosningaréttar síns. Kröfur stefnda í málinu líta ekki að lögmæti ákvarðana, sem teknar voru á aðalfundinum. Þá er ekkert sambandi milli ætlaðrar valdiðslu gagnvart honum á aðalfundinum og kröfu hans um sýknu af kröfum um greiðslu árgjalds. Kröfu stefnda um sýknu af stefnukröfum af þessum sökum er því hafnað.

Í annan stað bendir stefndi á, að starfsemi stefnanda sé orðin svo víðtæk, að hún geti ekki lengur að öllu leyti tengst stjórnsluhlutverki félagsins. Telur hann lagastof skorta til að krefja félagsmenn um árgjald vegna slíkrar starfsemi. Í greinargerð rekur stefndi ýmis dæmi málsástæðu þessari til stuðnings.

Ljóst er, að skylduaðild að stefnanda leggur stjórn félagsins þær skyldur á herðar að krefja þá félagsmenn, sem þess óska, ekki um önnur aðildargjöld en þau, sem þarf til að sinna hinu lögboðna hlutverki þess. Á það má fallast með stefnda, þegar ársskýrslur stefnanda eru skoðaðar, að vafi kann að leika á því, að mörg þeirra verkefna, sem talin eru þar upp, falli að einhverju leyti eða öllu þar undir. Til þess ber hins vegar að líta, að félagið hefur verið rekið í samræmi við samþykktir þess og samþykkt aðalfundar ár hvert. Verður ekki séð af gögnum málsins, að fram hafi komið mótmæli gegn einstaka þáttum starfseminnar, hvorki frá stefnda né öðrum félagsmönnum. Þannig hefur stjórn stefnanda ekki verið gefinn kostur á að aðgreina starfsemina eftir því, hvaða þættir hennar teljist nauðsynlegir vegna hins lögboðna hlutverks og hverjir ekki. Það er fyrst í greinargerð stefnda, sem hann mótmælir greiðslu aðildargjalda til stefnanda af þeim sökum, að starfsemin sé orðin of víðtæk. Þar fellst hann þó einnig á skyldu til greiðslu félagsgjalda vegna stjórnsluþátta félagsins. Þannig viðurkennir stefndi aðild sína að hluta að starfsemi stefnanda og greiðsluskyldu vegna hennar án þess þó að gera kröfu um lækkun árgjalds. Kröfu stefnda um sýknu ber því að hafna. Varakrafa stefnda um, að skuldajafnað verði í málinu með eignarhluta stefnda í félagsmálaeignum stefnanda, er vanreifuð. Verður þeirri kröfu vísað frá dómi.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að fallast á stefnukröfur í málinu.

Stefndi greiði stefnanda 125.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur á málflutningsþóknun.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kristinn Sigurjónsson, greiði stefnanda 66.000 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga með síðari breytingum af 22.000 kr. frá 1. júlí 1993 til 1. júlí 1994, af 44.000 kr. frá þ. d. til 1. júlí 1995, en af 66.000 kr. frá þ. d. til greiðsludags.

Kröfu um, að skuldajafnað verði í málinu með eignarhluta stefnda í félagsmálæignum stefnanda, er vísað frá dómi.

Stefndi greiði stefnanda 125.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðis-
aukaskattur á máflutningsþóknun.
